

## GJALDSKRÁ

### fyrir hunda- og kattahald í þéttbýli Borgarbyggðar.

#### 1. gr.

Hunda- og kattaeyndur sem búsettir eru innan þéttbýlis sem skilgreint er í 1. gr samþykktar um hunda- og kattahald í Borgarbyggð, skulu greiða leyfisgjald skv. staflíð b í 2. gr. og staflíð b í 6. gr. samþykktar um hunda- og kattahald í Borgarbyggð nr. 107/2008.

#### 2. gr.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda hund sbr. staflíð b í 2. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 13.100 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er hundahreinsunargjald, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Árlegt leyfisgjald fyrir að halda kött sbr. staflíð b í 6. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 7.500 fyrir allt árið eða hluta úr ári. Innifalið í leyfisgjaldi er ormahreinsun, trygging, númeraplata á ól og umsýslugjald sveitarfélagsins.

Gjalddagi er 1. mars og eindagi 1. maí. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga verði gjaldið ekki greitt í síðasta lagi á eindaga.

Um vexti af vangreiddum gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari gilda almennar reglur. Um innheimtu gjalda fer samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

#### 3. gr.

Eigandi hunds sem er skráður hjá Borgarbyggð fær 40% afslátt af hundagjaldi eftir að hafa lokið grunnnámskeiði í hundauppeldi sem viðurkennt er af Heilbrigðiseftirliti Vesturlands.

#### 4. gr.

Handsömunargjald fyrir óskráða hunda samkvæmt 4. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 19.400. Fyrir skráða hunda skal gjaldið vera 7.300 kr. fyrir 1. skipti, kr. 9.450 kr. fyrir 2. skipti og kr. 12.300 fyrir 3. skipti. Fyrir hunda sem ekki er skylda að skrá eða eigandinn er utanaðkomandi skal gjaldið verða eins og fyrir skráða hunda 7.300 kr.

Handsömunargjald fyrir óskráða ketti samkvæmt 8. gr. samþykktar nr. 107/2008 skal vera kr. 14.000.

Óskráðir hundar og kettir skulu ekki afhentir eigendum sínum eftir handsömun fyrr en að lokinni skráningu.

Innheimt verður leyfisgjald af þeim eigendum óskráðra hunda og katta sem fengið hafa bréf frá gæludýraeftirlitinu vegna óskráðra dýra og hafa ekki svarað því eða skráð dýrin innan uppgefins tíma.

Ef til aflifunar hunds eða kattar kemur, skal eigandi dýrs að auki greiða útlagðan aflifunar-kostnað.

#### 5. gr.

Framangreind gjaldskrá er samþykkt af sveitarstjórn Borgarbyggðar samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjaldskrá þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1283/2016. Staðfest af sveitarstjórn Borgarbyggðar 14. desember 2017.

*Borgarnesi, 28. desember 2017.*

**Gunnlaugur A. Júlíusson** sveitarstjóri.